

## Tillaga að starfslýsingu verkefnastjóra velferðar- og fræðslumála

### Markmið starfs

- Að efla velferð og félagslega stöðu barna, fjölskyldna og eldri borgara í Langanesbyggð.
- Að efla starfs og námsráðgjöf innan grunnskóla sveitarfélagsins.
- Auka samstarf við nágrannasveitarfélög þegar kemur að velferðar og fræðslumálum.
- Taka vel á móti nýjum íbúum og styðja við fjölmenningu.
- Vera tengiliður í samskiptum við þjónustu frá Norðurþingi er við kemur velferðar og fræðslumálum.
- Halda utan um innleiðingu farsældarlaga í sveitarfélaginu.

### Starfs- og námsráðgjöf (30%)

- Veita ráðgjöf um nám, líðan og framtíðaráform.
- Styðja nemendur og taka þátt í forvarnarstarfi og teymisvinnu.
- Tengiliður við Norðurþing þegar kemur að skólalþjónustunni.

### Félagsráðgjöf (50%)

- Veita ráðgjöf og stuðning, vinna með fjölskyldum, sinna barnavernd og samvinnu við grunnskólann og aðrar stofnanir.
- Tengiliður fjölmenningar í samfélaginu og aðstoða nýja íbúa við að aðlagast og passa jafnt aðgengi allra búa að þjónustu.
- Utanumhald félagslegra íbúða og íbúða aldraðra er varðar umsóknir, biðlista, úthlutanir, samninga og samskipti.
- Tengiliður heimaþjónustu. Stýrir heimaþjónustu, tekur við umsóknum um þjónustuna, heldur utan um samskipti við starfsmenn og Norðurþing.
- Starfar með velferðar- og fræðslunefnd eftir þörfum.
- Samskipti við félag eldri borgara.